

## Rökkursögur.

### VII.

Sama vorið (1888) og eg vigðist að Hjaltastað á Fjótisdals-  
héraði og fluttist þangað, flutti búfr. Jónas Eiríksson að Eiðum í  
Eiðapinghá, sem skólastjóri, ásamt konu sinni Guðlaugu Jóns-  
dóttur. Varð eg brátt kunnugur þeim hjónum, því Eiðar eru  
annexia frá Hjaltastað, og tókst með okkur góð vinátta. Eg  
hefi ávalt haft gaman af dularfullum fyrirbrigðum og sálfræði-  
legum athugunum, en einkum þó þau 8 ár, sem eg var á  
Hjaltastað. Enda hlóðust síðar margháttuð störf á mig og  
annir, sem drógu huga minn frá þessum efnum. Eg átti á  
þeim árum oft tal við menn um þessa hluti og leitaði eftir,  
hvort ekkert dularfult eða óskiljanlegt hefði borið fyrir þá, og  
varð þá margs visari. — Meðal annars átti eg tal um þessi  
efni við þau Eiðahjón, og ætla eg hér að segja frá viðburði  
er skeði á Ketilsstöðum í Jökulsárhlíð, mig minnir árið áður en  
þau fluttu að Eiðum, en þar hjuggu þau þá.

Það var einhverju sinni síðari part sumarsins, að 3 elstu  
synir þeirra hjóna, Halldór, Jón og Benedikt, sátu uppi á bað-  
stofulofti hjá móður sinni, því rigning var úti; allt annað fólk  
var á engjum langt frá bænum. Halldór var þá á 5. eða 6.  
ári (eg man ei hvort heldur var), en bræður hans sinn á hvoru  
árinu þar undir.

Svo háttaði til, að gluggar voru háðum megin á þekjunni  
yfir rúmum, er voru þar fram með baðstofuveggjunum. Alt  
í einu segir Halldór: Nei mamma! sjáðu strákinn sem er þarna  
á glugganum, og benti á gluggann, sem var á móti rúminu,  
sem þau sátu á. Móðir hans leit út í gluggann og sá ekkert,  
en aftur sögðust bræður Halldórs sjá strákinn er þeir litu  
þangað. Leið svo góður tími að drengirnir fullyrtu að þeir  
sæju strákinn á glugganum, og að hann væri að skæla sig  
og gretta framan í þá. Móðir þeirra sá ekkert og varð loks  
leið á þessari suðu í drengjunum, og sagði þeim öllum að  
setjast á rúmið, er var undir glugganum, sem þeir þóttust  
sjá strákinn á, og bannaði þeim að líta út í gluggann, en  
fékk þeim gull til að leika sér að. Leið svo dálitil stund, þar  
til þeir alt í einu kalla upp: Nei sko mamma! hann er þá